




ÍRAFOSS- / LJÓSAFOSSVIRKJUN ENDURNÝJUN SELFOSSLÍNU - SKIPULAGSLÝSING

**Breyting á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032
og deiliskipulagi fyrir Írafoss- og Ljósafossvirkjanir og Syðri-Brú**



15.01.2026



UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL	HÖFUNDUR
114209-01-LYS-001-V04	ASK
RÝNT	
	IS/AJ

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagslýsing	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
3	TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	6
3.1	Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032	6
3.2	Landsskipulagsstefna 2015-2026	6
3.3	Kerfisáætlun Landsnets	6
3.4	Samræmi breytingar við gildandi áætlanir	7
3.5	Deiliskipulag	7
3.6	Minjar	7
4	AÐALSKIPULAGSBREYTING	8
4.1	Breyting á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032	8
5	DEILISKIPULAGSBREYTING	8
6	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	8
6.1	Valkostir	8
6.2	Umhverfispættir og áherslur	8
7	SKIPULAGSFERLI OG UMSAGNARAÐILAR	9
7.1	Skipulagsferlið	10

1 INNGANGUR

Landsnet undirbýr endurnýjun á Selfosslínu 1 sem liggur frá Ljósafofssstöð að Selfossi. Í tengslum við framkvæmdina þarf að gera breytingar á gildandi aðal- og deiliskipulögum.

Fyrirhugaðar framkvæmdir fela í sér að Selfosslína 1 verður endurnýjuð að hluta að Írafoss- og Ljósafofssstöðvum.. Breytingarnar fela í sér lagningu jarðstrengs á um allt að 3 km leið frá Ljósafofssstöð að mastri 8 í núverandi loftlínu. Á kafla verður núverandi loftlínuhluti línunnar tekinn niður.

1.1 Skipulagslýsing

Gerð er skipulagslýsing vegna breytingar á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps.


Skipulagslýsingin er sett fram í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og unnin í samræmi við grein 4.2. í Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, með síðari breytingum.

Með skipulagslýsingu er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Núverandi Selfosslína 1 liggur frá Ljósafofssstöð að Selfossi. Línan liggur í gegnum svæði þar sem í gildi eru deiliskipulög Írafoss- og Ljósfossvirkjunar (skipulagsnúmer 17473), frístundabyggðar á Syðri Brú (skipulagsnúmer 6404), Bíldsfelli III (skipulagsnúmer 18369) og frístundasvæði á Bíldsfelli I (skipulagsnúmer 18716) en breytingin mun aðeins hafa áhrif á deiliskipulög Írafoss- og Ljósafofssvirkjana og Syðri Brúar.

Fyrirhugaðar framkvæmdir fela í sér að línan verði endurnýjuð að hluta og lagningu jarðstrengs á um allt að 3 km leið frá Ljósafofssstöð að mastri 8 í núverandi loftlínu. Á kafla verður núverandi loftlína tekin niður.



MYND 1. Tillaga að legu jarðstrengs þar sem fylgt verður ljósubláu línu að Írafosstöð og þaðan áfram eftir dökkbláu línu að Ljósafossstöð.

3 TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032

Í aðalskipulaginu er sett fram eftirfarandi stefna fyrir rafveitu:

- Að sem flestar háspennulínur verði settar í jörð, þar sem eru loftlínur verði leitast til að draga úr áhrifum þeirra á umhverfi.
- Að þrífösun rafmagns verði komið á í dreifbýli, þar sem því verður við komið.
- Við deiliskipulag svæða, framkvæmdir og/eða skógrækt skal taka tillit til helgunarsvæða raflína.

TAFLA 2. Stefna fyrir Selfosslínu 1 í gildandi aðalskipulagi.

HEITI	LÝSING OG STEFNA
Selfosslína 1	Loftlína og jarðstrengur frá Ljósafossstöð að tengivirki við Selfoss, 66kV. Gert er ráð fyrir að línan verði spennuhækkuð í 132 kV og eftir atvikum lögð í jörð.

3.2 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Búsetumynstur og dreifing byggðar

Skipulagsákvæðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á landslag og aðra landnotkun.

3.3 Kerfisáætlun Landsnets

Í Kerfisáætlun Landsnets 2023-2032 er gert ráð fyrir spennuhækkun Selfosslínu 1 í 132 kV, sem hluta af því verkefni að styrkja meginflutningskerfið á Suðurlandi. Þar kemur fram að álag á svæðisbundna flutningskerfið á Suðurlandi er mikið. Í Þorlákshöfn og á Selfossi er mögulegt að bæta við 0-10 MW á kerfið. Til að auka flutningsgetu þarf m.a. að skoða spennuhækkun á Selfosslínu 1 til þess að auka flutningsgetu á línunni og auka aflgetu á vestari hluta Suðurlands.

[Orkustefna](#) til ársins 2050 er langtímastefna stjórnvalda um orkumál. Þar er sett fram framtíðarsýn og leiðarljós í orkumálum á Íslandi. Tilgreind eru fimm meginstoðir orkustefnunnar; orkuöryggi, orkuskipti, orkunýting og sparnaður, samfélag og efnahagur og umhverfi.

Um orkuöryggi segir m.a. „Orkuöryggi miðast við að tryggja nægilegt og öflugt framboð á orkugjöfum, rafmagni, heitu vatni og jarðefnaeldsneyti fyrir heimili, grunnþjónustu og atvinnulíf, sem og að vernda innviði orkuviðnaðarins fyrir truflunum vegna náttúruvár, skemmdarverka eða af öðrum orsökum“.

Orkustefna miðar að því að styrkja „flutnings- og dreifikerfi til að mæta aukinni þörf í samfélaginu, með lágmarks umhverfisáhrifum, í samráði við hagsmunaaðila og aðra sem uppbyggingin snertir. Innviðir þurfa að vera tryggir og áfallapolnir. Áfallapol má bæta m.a. með nægilegri flutningsgetu, varaafli og/eða hringtengingum, jarðstrengjum og miðast við aðstæður og aðrar tæknilegar skorður“.

Orkustefna undirstrikar mikilvægi þess að sátt ríki um vernd náttúru og nýtingu orkuaúðlinda og að öll umhverfisáhrif eru lágþörfuð eins og kostur er.

3.4 Samræmi breytingar við gildandi áætlanir

Breyting á aðalskipulagi er í samræmi við landsskipulagsstefnu að því leyti að verið er að bæta afhendingaröryggi raforku.

Breytingin er í samræmi við kerfisáætlun því verið er að styrkja svæðisbundna flutningkerfið og auka flutningsgetu þess.

Breytingin er í samræmi við orkustefnu því verið er að efla flutningskerfið til að mæta eftirspurn til framtíðar ásamt því að efla áfallapol kerfisins með því að setja það í jörð.

3.5 Deiliskipulag

Tvö deiliskipulög eru í gildi á skipulagssvæðinu og hefur nýr jarðstrengur áhrif á þau.

- Deiliskipulag Írafoss- og Ljósafossvirkjunar, dagsett í mars 2022. Línan færir inn deiliskipulagsmarka.
- Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Syðri Brúar, dagsett í febrúar 2005. Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á skipulaginu. Núverandi Selfosslína 1 liggur í gegnum vestari hluta landsins.

3.6 Minjar

Í minjavefsjá Minjastofnunar er að finna nokkrar þekktar minjar á því svæði sem breytingin nær yfir og eru þær allar friðaðar. Gerð verður grein fyrir þekktum minjum í deiliskipulagi, eftir því sem við á.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

4 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Gerð verður breyting á aðalskipulagsuppdrætti og greinargerð.

4.1 Breyting á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032

Hluti Selfosslínu 1 verður felld út sem loftlína á uppdrætti og sýnd sem jarðstrengur í staðinn. Settir verða skilmálar fyrir nýjan jarðstreng í greinargerð og gerð grein fyrir helgunarsvæði hans.

5 DEILISKIPULAGSBREYTING

Í deiliskipulagi fyrir Írafoss- og Ljósafossvirkjanir ásamt deiliskipulagi fyrir Syðri-Brú verður hluti af Selfosslínu 1 felldur út sem loftlína og sett inn heimild fyrir jarðstreng.

6 UMhverfismatsskýrsla

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Með breytingunni er mörkuð stefna um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Í umhverfismatsskýrslu með aðalskipulagsbreytingu verður gerð grein fyrir tengslum og samræmi við aðrar áætlanir og stefnur sem taka þarf tillit til eða geta haft áhrif á breytinguna. Helstu stefnur og áætlanir eru taldar upp í kafla 3.

6.1 Valkostir

Reiknað er með að gildandi aðalskipulag (núll kostur) verði borið saman við hugmyndir um breytt aðalskipulag sem skipulagslýsing þessi nær til.

6.2 Umhverfisþættir og áherslur

Í umhverfisskýrslu með aðal- og deiliskipulagsbreytingunum verða skoðuð áhrif á þá umhverfisþætti sem tilgreindir eru í töflu 2 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir meginspurningar í umhverfisskýrslu er að finna í töflunni.

TAFLA 3. Umhverfisþættir, helstu matsspurningar og viðmið.

UMhverfisþáttur	UMhverfisviðmið	MATSSPURNINGAR
Land <i>Nýting lands.</i> <i>Jarðmyndanir.</i> <i>Ásýnd og yfirbragð.</i>	Stefna í aðalskipulagi. - Landnotkun stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru, menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. - Sem flestar háspennulínur verði settar í jörð.	Hefur stefnan áhrif á hagkvæma nýtingu lands? Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir? Hefur stefnan áhrif á ásýnd og yfirbragð svæðis?

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
	Landsskipulagsstefna 2015-2026. Skipulagsákvæðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á landslag og aðra landnotkun.	
Samfélag <i>Afhendingaröryggi raforku.</i> <i>Innviðir.</i>	Stefna í aðalskipulagi. - Sem flestar háspennulínur verði settar í jörð. - Heimilt er að viðhalda og/eða endurnýja núverandi háspennulínur. Landsskipulagsstefna 2015-2026. - Skipulagsákvæðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á landslag og aðra landnotkun. Orkustefna - Orkuþörf samfélags er ávallt uppfyllt. - Innviðir eru traustir og áfallapolnir.	Stuðlar stefnan að betra afhendingaröryggi raforku? Hefur stefnan áhrif á íbúa eða atvinnulíf?
Náttúru- og menningarminjar <i>Fornminjar.</i>	Stefna í aðalskipulagi. Mannvirki skulu ekki valda skaða á náttúru- eða menningarminjum.	Hefur stefnan áhrif á fornminjar?

7 SKIPULAGSFERLI OG UMSAGNARAÐILAR

Skipulagslýsing verður kynnt í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og með auglýsingu í blöðum. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast í Skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafrestr.

Með kynningu skipulags- og matslýsingar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun breytingarinnar.

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Náttúruverndarstofnun
- Landsvirkjun

7.1 Skipulagsferlið

